



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2010

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um jöfnun samkeppnisstöðu framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni með endurskoðun á reglum ÁTVR 357. mál.

Samtök iðnaðarins taka undir það sjónarmið að draga skuli úr óþarfa flutningi á vörum milli staða eftir því sem kostur er og minnka þannig fyrirhöfn og kostnað. Þá taka Samtökin undir það sjónarmið að heppilegra sé að reglur séu skýrar fremur en að veita þurfi óformlegar undanþágur frá gildandi reglum.

Í greinargerðinni er lagt til að móttökustöðvum ÁTVR verði fjölgað. Samtökin taka undir þær hugmyndir en leggja jafnframt áherslu á að fyllstu hagkvæmni verði gætt við slíkar breytingar þannig að ekki leggist aukinn kostnaður á framleiðendur vegna þeirra.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Bjarni Gunnarsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri


Ragnheiður Héðinsdóttir,
forstöðumaður matvælasviðs